

REGLUGERÐ

um hvata- og stuðningsverkefni í landgræðslu og skógrækt.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að hvetja til og styðja verkefni og framkvæmdir á vegum einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra í landgræðslu og skógrækt í samræmi við 8. og 19. gr. laga nr. 155/2018 um landgræðslu og 7. gr. og IV. kafla laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt.

2. gr.

Auglýsingar og umsóknir.

Land og skógur skal auglýsa eftir umsóknum um stuðning samkvæmt reglugerð þessari einu sinni á ári eða eftir því sem fjárveitingar leyfa. Auglýsa skal á vef Lands og skógar, í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Tilgreint skal í auglýsingu heildarfjárhæð sem er til úthlutunar, styrkhlutfall til mismunandi verkefna eða verkefnaflokka og hámarksstyrkfjárhæð. Einnig skal tilgreina í auglýsingu ef Land og skógur hefur sett reglur um framkvæmd þess verkefnis sem auglýst er og fyrirliggjandi samningsform ef við á.

Umsækjendur geta verið einstaklingar og lögaðilar, að undanskildum A-hluta ríkisaðilum. Umsóknum skal skila rafrænt í umsóknarkerfi.

Umsókn skulu m.a. fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

- a. Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- b. Lýsing á verkefninu og markmiðum þess, þar sem m.a. skal koma fram hvernig verkefnið samræmist markmiðum og skilgreindum áherslum styrkveitinga samkvæmt reglugerð þessari.
- c. Sundurliðuð kostnaðar- og framkvæmdaáætlun með tímasettri verkáætlun á formi sem Land og skógur útvegar.

Umsóknum sem ekki berast innan tilskilins tímafrests í gegnum umsóknarkerfi er hafnað. Heimilt er að hafna umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi hætti.

3. gr.

Styrkhæf verkefni.

Verkefni sem njóta styrks samkvæmt reglugerð þessari skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Vinna að markmiðum 1.–3. gr. laga um landgræðslu og/eða 1. gr. laga um skóga og skógrækt.
- b. Vera í samræmi við landsáætlun um landgræðslu og skógrækt, svæðisáætlanir, gildandi skipulag og viðeigandi staðla og gæðaviðmið.
- c. Uppfylla skilyrði varðandi leyfisveitingar, s.s. framkvæmdaleyfi.
- d. Umsækjendur skulu vera umráðahafar viðkomandi landsvæðis.

Eftirfarandi eru dæmi um styrkhæf verkefni samkvæmt reglugerð þessari:

- a. Endurheimt votlendis og birkivistkerfa.

- b. Fræðsla, vöktun og samfélagsverkefni.
 - c. Gerð heildstæðra landnýtingaráætlana, fyrir jarðir, vatnasvið og/eða landslagsheildir.
 - d. Hagaskógar/skjóllundir/útivistarskógar/landgræðsluskógar.
 - e. Landgræðsla.
 - f. Nýræktun skóga og skógarumhirða, þ.m.t. umhirðuáætlun.
 - g. Skjólbelti til að bæta skilyrði til landbúnaðar.
 - h. Varnir gegn landbroti.
 - i. Verndun kolefnisríkra vistkerfa og vistkerfa sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni.
- Verkefni sem falla ekki undir a–i-lið 2. mgr. geta einnig notið stuðnings séu þau í samræmi við a–d-lið 1. mgr. Skal það auglýst á hverjum tíma, sbr. 2. gr.
- Verkefni geta notið stuðnings til fleiri en eins árs enda sé gerður um þau samningur, sbr. 7. gr., með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni.
- Land og skógur gerir ár hvert tillögu til ráðherra um skiptingu stuðnings á milli verkefnaflokka og um stuðningshlutfall til einstakra verkefna til næstu þriggja ára.

4. gr.

Forgangsröðun umsókna.

Ef sótt er um hærri fjárhæð en er til úthlutunar hverju sinni skal umsóknum m.a. forgangsraðað með vísan til eftirfarandi þátta:

- a. Markmið laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt.
- b. Áherslur í landsáætlun um landgræðslu og skógrækt.
- c. Aðgerðir miða að stöðvun jarðvegsrofs og hnignunar vistkerfa, sjálfbærri landnýtingu, endurheimt vistkerfa eða uppbyggingu skógarauðlindar.
- d. Aðgerðir byggja á heildstæðri áætlun fyrir heilar jarðir, stór landsvæði og/eða landslagsheildir.
- e. Reglna verkefnis, s.s. hvað varðar úthlutun, framkvæmd o.fl.

Hafi umsækjandi hlotið stuðning eða styrk til sama verkefnis skal tilgreina það í umsókn. Heimilt er að draga þá fjárhæð frá heildarupphæð styrks. Þá er jafnframt heimilt að hafna umsókn um frekari styrk ef óútskýrðar eða óhóflegar tafir hafa orðið á verkefni sem þegar nýtur styrks.

5. gr.

Mat á umsóknum.

Land og skógur tekur ákvarðanir um styrkveitingar á grundvelli faglegs mats á framkomnum umsóknum. Til þess getur stofnunin aflað upplýsinga frá opinberum aðilum.

Við mat á umsóknum og ákvörðun um úthlutun er jafnframt heimilt að taka tillit til eftirtalinna sjónarmiða, eftir því sem við á:

- a. hvort og hversu vel verkefni falli að skilgreindum áherslum styrkveitinga eins og þær eru auglýstar hverju sinni,
- b. forsendna og mikilvægis verkefnis og hvort verkefnið sé líklegt til að hafa í för með sér umhverfislegan ávinning,
- c. hvort markmið verkefnis séu skýr og raunhæf, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verði metinn,
- d. hvort verkefnið sé byggt á faglegum grunni,
- e. eigin framlags umsækjanda eða annarra til verkefnis,
- f. hagnýtis verkefnis og hvort verkefni sé atvinnuskapandi,
- g. fjárhagsgrundvallar verkefnis,
- h. upplýsinga um samstarfsaðila.

Ákvarðanir um veitingu styrkja eru teknar af Landi og skógi í samræmi við gildandi lög og reglur. Um málsmeðferð við ákvarðanir um veitingu styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Styrkþegi skal skila framkvæmdaskráningu til Lands og skógar að loknum framkvæmdum hvers árs innan tilgreindra tímamarka. Verkefnið skal vera unnið í samræmi við skilyrði styrkveitingar og unnið skal í samræmi við áætlun og úthlutun. Framkvæmdaskráning er forsenda greiðslu framlaga vegna allra verkefna sem njóta stuðnings samkvæmt þessari reglugerð.

Við upphaf framkvæmdar sem telst styrkhæf er heimilt að greiða allt að 50% af samþykktu styrkupphæð og eftirstöðvar við skil á gögnum, upplýsingum, lokaskýrslu eða úttekt.

7. gr.

Samningar.

Land og skógur gerir samninga við styrkþega um framlög til samstarfsverkefna áður en til framkvæmda kemur samkvæmt ákvæðum laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt. Lengd samninga um stuðning við verkefni skal almennt taka mið af framkvæmdatíma en með eftirfarandi undantekningum:

Samningar um endurheimt votlendis skulu vera að lágmarki til 20 ára.

Samningar um skógrækt á lögbýlum skulu að lágmarki vera til 40 ára, sbr. 11. gr. laga um skóga og skógrækt, og vera í samræmi við form í viðauka 1. Á grundvelli slíks samnings er heimilt að greiða allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt. Til samþykktu kostnaðar við verkefnið, sbr. f-lið í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar og 4. mgr. 11. gr. og 15. gr. laga um skóga og skógrækt, getur talist eftirfarandi:

- a. varsla skógræktarlands á meðan þess er þörf að mati Lands og skógar,
- b. slóðagerð sem er nauðsynleg vegna gróðursetninga, eftirlits og umhirðu,
- c. jarðvinnsla,
- d. plöntukaup,

- e. gróðursetning,
- f. áburður og áburðargjöf,
- g. umhirða ungskógar skv. umhirðuáætlun og umhirðureglum,
- h. ræktun skjólbelta sem leiða til bættra ræktunarskilyrða í landbúnaði og/eða skógrækt. Land og skógur setur lágmark á umfang skjólbelta eða skjólbeltakerfa,
- i. aðrar sambærilegar framkvæmdir sem einnig eru tilgreindar í ræktunaráætlun.

8. gr.

Upplýsingagjöf styrkþega.

Skilyrði greiðslu stuðnings er að verkefni hafi verið unnið í samræmi við úthlutun og/eða samning.

Styrkþega er skylt að tilkynna Landi og skógi tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka styrktu verkefni eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni Lands og skógar um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta stofnuninni í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi ábyrgist að styrk verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila viðeigandi gögnum og upplýsingum til að njóta fulls stuðnings. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglugerð þessari eða eru sérstaklega tilgreindir í úthlutunarbréfi eða samningi.

9. gr.

Árangursmat.

Land og skógur skal meta árangur verkefna sem njóta styrks samkvæmt reglugerð þessari. Mat á árangri skal m.a. vera í samræmi við 10. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 og 8. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

10. gr.

Eftirlit og endurkröfuréttur.

Land og skógur fer með eftirlit með framkvæmd verkefna sem njóta styrks samkvæmt reglugerð þessari og skal stofnunin setja sér reglur um framkvæmd eftirlits. Við eftirlit skal m.a. lagt mat á hvort staðið hafi verið með fullnægjandi hætti að framkvæmdum með hliðsjón af úthlutun.

Styrkþegi skal endurgreiða greiddan stuðning komi í ljós að stuðningur sem greiddur hefur verið hafi ekki verið nýttur í samræmi við úthlutun. Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði greiðslu vegna seinni hluta stuðnings vegna ófullnægjandi framkvæmdar eða skila á gögnum eða annars þess sem leiðir til að verkefnið er ekki unnið í samræmi við forsendur úthlutunar, sbr. 5. gr., skal hann endurgreiða fyrri hluta stuðningsins sem hann hafði áður fengið greiddan.

Ef styrk eða hluta hans er varið í annað en það verkefni sem tilgreint er í úthlutun, ef ekki er unnið í samræmi við úthlutun, ef verkefnið ekki unnið á viðunandi hátt, ef framkvæmdaskráningu er ekki skilað innan tilgreindra tímamarka eða ef skilmálar í reglugerð þessari eru ekki uppfylltir teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur Land og skógur sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur á brott reglugerð nr. 285/2015.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar gerðir samningar, sbr. IV. kafla laga um skóga og skógrækt, halda gildi sínu í samræmi við ákvæði þeirra.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 14. janúar 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

Viðauki 1.**Samningur um þátttöku í skógrækt
samkvæmt lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt.**

Land og skógur, kt. 671123-0850, skv. lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt og

Nafn kt.

skógarbóndi gera með sér svofelldan samning um nytjaskógrækt á lögbýlinu

jörð (fnr.)

með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum.

1. gr.

Skógarbóndi skuldbindur sig til að taka til nytjaskógræktar **XX ha** lands. Samningi þessum fylgir kort er sýnir afmörkun hins umsamda svæðis. Á landinu verður stunduð nytjaskógrækt. Skógurinn er eign landeigenda og ber að haga meðferð skógarins samkvæmt samningi þessum og eftir leiðbeiningum Lands og skógar.

2. gr.

Land og skógur skal hafa eftirlit með að allar framkvæmdir séu unnar samkvæmt landsáætlun í skógrækt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/2019.

Land og skógur skal vinna ræktunaráætlun í samráði við skógarbónda. Henni skal fylgja verklýsing á hverjum verkþætti, s.s. jarðvinnslu, slóðagerð, gróðursetningu og áburðargjöf.

Heimilt er að áfangaskipta verkefnum á skógræktarsvæðinu og fer það eftir samkomulagi skógarbónda og Lands og skógar hversu mikið land er tekið til skógræktar í hverjum áfanga. Samningsaðilar geta, ef aðstæður breytast, t.d. við fjárlagagerð, farið fram á endurskoðun skógræktaráætlunar, m.a. um framkvæmdahraða.

Land og skógur skal gera gæðaúttektir á plöntum sem ráðstafað er til skógarbænda.

Land og skógur veitir leiðbeiningar varðandi tilhögun og frágang allra verka og ber skógarbónda að fara eftir þeim.

3. gr.

Að loknum framkvæmdum vor og haust skal skógarbóndi skila framkvæmdaskráningu til Lands og skógar. Fjárhagslegt uppgjör til skógarbónda vegna skógræktarframkvæmda hvers árs er háð skilum á framkvæmdaskráningu á forni sem Land og skógur leggur til. Uppgjör greiðslu framlaga fer fram að lokinni gæðaúttekt.

Land og skógur skal framkvæma úttekt á unnum verkum í samráði við skógarbónda eftir þörfum hverju sinni. Við úttektina skulu framkvæmdir yfirfarnar og skráðar samkvæmt úttektarkerfi sem í gildi er hjá Landi og skógi hverju sinni.

Sé framkvæmdum að einhverju leyti áfátt skal gefa skógarbónda tækifæri til að hlutast til um úrbætur ef þess er kostur. Halda má eftir greiðslum meðan á úrbótum stendur. Ekki skal greitt fyrir framkvæmdir sem ekki eru

inntar af hendi, eru ekki í samræmi við ræktunaráætlun eða ekki er hægt að bæta úr. Ítrekuð tilvik þar sem ekki er farið eftir ræktunaráætlun geta leitt til uppsagnar samnings þessa skv. 10. gr.

4. gr.

Land og skógur greiðir allt að 97% af kostnaði við fyrirframsamþykktar framkvæmdir í samræmi við ræktunaráætlun á lögbýlinu. Til kostnaðar teljast eftirfarandi framkvæmdir:

- a. varsla skógræktarlands á meðan þess er þörf að mati Lands og skógar,
- b. slóðagerð sem nauðsynleg er vegna gróðursetningar, eftirlits og umhirðu,
- c. jarðvinnsla,
- d. plöntukaup,
- e. gróðursetning,
- f. áburður og áburðargjöf,
- g. umhirða ungskógar skv. umhirðuáætlun og umhirðureglum,
- h. ræktun skjólbelta sem leiða til bættra ræktunarskilyrða í landbúnaði og/eða skógrækt. Land og skógur setur lágmark á umfang skjólbelta eða skjólbeltakerfa,
- i. aðrar sambærilegar framkvæmdir sem einnig eru tilgreindar í ræktunaráætlun.

5. gr.

Skógarbóndi sér alfarið um vörslu skógræktarlandsins samkvæmt reglum Lands og skógar þar um.

6. gr.

Bannað er að leggja eld í skógræktarlandið eða brenna þar sinu. Þar er einnig óheimilt að beita búfê. Landi og skógi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður mæla með, t.d. við nýtingu beitarskóga og þá eftir þar til gerðri beitaráætlun.

7. gr.

Skógarbónda er heimilt að fengnu samþykki Lands og skógar að nýta hið samningsbundna land einnig til annarra nota enda stafi skógræktarframkvæmdum ekki hætta af nýtingunni.

8. gr.

Skógarbónda er með öllu óheimilt að ráðstafa plöntum eða trjám sem samningur þessi tekur til nema með samþykki Lands og skógar.

9. gr.

Óski skógarbónda eða landeigandi eftir því að losa land í heild eða að hluta til undan kvöðum samkvæmt samningi þessum áður en samningstíma er lokið skal hann endurgreiða framlög ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Endurgreiðslufjárhæðin lækkar hlutfallslega út samningstímann og fyrnist um 2,5% á almanaksári, hafi samningur verið virkur í a.m.k. 10 ár, og fellur skuldin niður eftir 40 ár. Framlög sem veitt eru síðustu 10 ár fyrir uppsögn fyrnast þó ekki.

Óski Land og skógur eftir því að losna undan skuldbindingum samnings þessa skal skógarbónda og landeiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti. Uppsögn samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynnt fyrir 1. október og tekur gildi frá og með næstu áramótum. Ekki skal endurgreiða samningsbundin framlög vegna uppsagnar samkvæmt þessari málsgrein.

10. gr.

Komi til verulegra vanefnda á samningi þessum og/eða skógræktaráætlun af hálfu Lands og skógar er skógarbónda heimilt að rifta samningnum að hluta til eða í heild. Skógarbóndi og/eða landeigandi á ekki rétt á skaðabótum kjósi hann að rifta samningnum.

Komi til verulegra vanefnda af hálfu skógarbónda á skyldum hans samkvæmt samningi þessum og/eða ræktunaráætlun ber samningsaðilum að leita leiða til úrbóta. Til verulegra vanefnda telst t.d. ef skógarbóndi skýrir rangt frá staðreyndum sem máli skipta eða vanefnir að öðru leyti skyldur sínar ítrekað, eða í veigamiklum atriðum. Ef skógarbóndi grípur ekki til úrbóta að áliðnum tímabundnum fresti sem Land og skógur setur honum, þá er Landi og skógi heimilt að rifta samningnum og krefjast endurgreiðslu framlaga af skógarbónda. Um endurgreiðslu skal þá fara skv. 1. mgr. 9. gr. þessa samnings. Áður en tekin er ákvörðun um riftun skal skógarbónda gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Ákvörðun um riftun skal rökstudd og má skjóta henni til ráðherra innan 30 daga frá því að hún var kynnt hlutaðeigandi. Kæra frestar því að ákvörðun verði virk. Ef landeigandi er ekki jafnframt skógarbóndi skal upplýsa landeiganda um slíkar vanefndir skógarbónda.

11. gr.

Skógarbóndi samkvæmt samningi þessum getur sótt um skráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996 um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila. Ákvörðunarvald um skráningu er í höndum ríkisskattstjóra, sem leggur mat á það hvort öll skilyrði til skráningar eru uppfyllt. Á grundvelli þeirrar skráningar getur skógarbóndi fengið virðisaukaskatt, af aðföngum er eingöngu varða umsamda nytjaskógrækt, endurgreiddan í formi innskatts með þeim takmörkunum sem leiða af lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerð nr. 192/1993, um innskatt.

Verði breyting á notum, eignarheimild eða afnotarétti umsamins lands til nytjaskógræktar, ber skógarbónda að tilkynna ríkisskattstjóra þar um áður en not breytast eða þinglýst er eignarheimild eða leigusamningi. Skógarbónda sem hættir nytjaskógrækt, og tilkynnir sig af þeim sökum út af virðisaukaskattsskrá eða er tekinn af grunnskrá á grundvelli úrskurðar ríkisskattstjóra, ber að telja til skattskyldrar veltu verðmæti véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna.

Miða ber verðmæti (skattverð) við almennt gangverð á þeim tíma þegar starfsemi er hætt. Innskatt vegna framkvæmda á fasteignum, sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 12. gr reglugerðar nr. 192/1993, ber hins vegar að leiðrétta (bakfæra) í samræmi við ákvæði 14. gr. sömu reglugerðar, ef fasteign er seld, leigð eða tekin til annarra nota þar sem ekki heimilast innskattsfrádráttur eða minni innskattsfrádráttur. Leiðréttingarskyldan varir í 20 ár, talið frá og með þeim mánuði þegar framkvæmd fór fram.

Grein þessi er háð breytingum á viðkomandi lögum og reglugerðum.

12. gr.

Um almannarétt, umgengni og útivist fer skv. IV. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Ákvæði þessa samnings taka til alls skógræktarsvæðisins, sbr. 1. gr. Samningur þessi gildir til 40 ára.

Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer um ræktun og meðferð skógarins á landinu eftir skógræktarlögum og öðrum lögum eftir því sem við á.

Í samningi þessum og fylgiskjölum hans er fylgt leiðsögn skógarbónda varðandi ytri mörk skógræktarlandsins og ekki er tekin afstaða til landamerkja jarðarinnar.

13. gr.

Segi skógarbóndi, sem ekki er jafnframt landeigandi, upp ábúð sinni gagnvart landeiganda eða landeigandi segir skógarbónda upp ábúð vegna vanefnda ábúandans, sbr. 34.-37. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004, fer um uppgjör þeirra á milli (úttekt) vegna skógræktarinnar skv. 2. mgr. 38. gr. og 5. mgr. 41. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004.

14. gr.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit og heldur skógarbóndi einu. Afrit af samningnum skal senda til viðkomandi sveitarfélags og til landeiganda, ef hann er ekki jafnframt skógarbóndi.

Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina **XXX** er skuldbindur landeiganda og þá sem síðar kunna að öðlast réttindi yfir jörðinni, þ.m.t. leigurétt. Land og skógur annast þinglýsingu og greiðir kostnað sem af henni leiðir. Land og skógur sendir skógarbónda ljósrít af þinglýstum samningi.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir dómþingi viðkomandi héraðsdóms nema samkomulag verði um annað.

B deild - Útgáfudagur: 28. janúar 2026